



Bankasýsla ríkisins  
Borgartúni 3  
105 Reykjavík

## FJÁRMÁLA- OG EFNAHAGSRÁÐUNEYTIÐ

Arnarhvoli 101 Reykjavík  
sími: 545 9200 postur@fjr.is  
fjr.is

Reykjavík 29. janúar 2021  
Tilv.: FJR20120050/11.4.5

Efni: Ákvörðun um að hefja sölumeðferð á eignarhlut Íslandsbanka

Vísað er til þess að unnið er að því að hefja sölumeðferð á eignarhlutum Íslandsbanka hf. í samræmi við tillögur Bankasýslu ríkisins sem bárust ráðuneytinu þann 17. desember 2020.

Í samræmi við ákvæði laga nr. 155/2012 útbjó ráðherra greinargerð um ráðgerða sölumeðferð í kjölfar þess að fallist var á tillögu Bankasýslunnar um að hefja sölufarlið. Greinagerðin var lögð var fyrir fjárlaganefnd og efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis þann 20. desember 2020. Í greinagerðinni komu fram upplýsingar um helstu markmið með sölu eignarhlutarins, hvaða söluaðferð verði beitt og hvernig sölumeðferð verði háttáð að öðru leyti.

Þá var jafnframt óskað eftir umsögn frá Seðlabanka Íslands um jafnræði bjóðenda, líkleg áhrif sölu á gjaldeyrismarkað, gjaldeyrisforða og laust fé í umferð eins og kveðið er á um í lögum nr. 155/2012.

Umsagnir meirihluta efnahags- og viðskiptanefndar og fjárlaganefndar Alþingis liggja nú fyrir, dags. 20. janúar sl., þar sem mælt er með því að hafist verði handa við undirbúning útboðs á eignarhlutum ríkisins í Íslandsbanka og skráningu hlutanna á markað. Einnig liggur fyrir umsögn frá Seðlabanka Íslands, dags. 15. janúar sl. þar sem fram kemur að talið sé að jafnræði bjóðenda verði tryggt, auk þess sem fyrirhuguð sala er talin hafa takmörkuð áhrif á gjaldeyrismarkað, gjaldeyrisforða bankans og laust fé í umferð. Umsagnir þingnefndanna og Seðlabankans eru aðgengilegar á vef ráðuneytisins.

Í 2. mgr. 2. gr. laga nr. 155/2012 kemur fram að ráðherra skal taka ákvörðun um hvort sölumeðferð eignarhlutarins bankanum verði hafin að liðnum þeim fresti sem þingnefndunum er veitt til þess að gera athugasemdir við efni greinagerðarinnar. Ráðherra getur í ákvörðun sinni gert breytingar á einstökum þáttum í fyrirhugaðri sölumeðferð, m.a. að teknu tilliti til athugasemda nefndanna við greinargerðina.

Það tilkynnist hér með að ráðherra hefur tekið ákvörðun um að hefja skuli sölumeðferð í samræmi við fyrirbyggjandi greinargerð sem lögð var fyrir fjárlaganefnd og efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis.

Í samræmi við ákvörðun um að hefja sölumeðferðina er Bankasýsla ríkisins falið, í samráði við ráðuneytið, að tryggja að útfærslur á útboðs- og úthlutunarskilmálum verði í samræmi við eftirfarandi ábendingar sem fram koma í umsögnum þingnefndanna eins og kostur er og að færð verði viðunandi rök fyrir því ef víkja þurfi frá þeim að verulegu leyti:

1. Að stuðlað verði að aukinni samkeppni á fjármálamarkaði.
2. Að lagður verði grunnur að dreifðu eignarhaldi og fjölbreytileika í eigendahópi Íslandsbanka.
3. Að tryggt verði að tilboðsgjafar í hluti undir ákveðinni krónutölu (a.m.k. einni milljón króna að markaðsvirði) verði ekki fyrir skerðingu ef umframeftirspurn verður í útboðinu.
4. Að sett verði hámark á hlut hvers tilboðsgjafa, t.d. 2,5–3,0% af heildarhlutafé bankans.
5. Að sett verði lágmark og hámark á þann hlut í bankanum sem ríkið býður til kaups í útboðinu, t.d. þannig að lágmark verði 25% og hámark 35%.

Einnig er Bankasýslunni falið að skoða hvort það samræmist markmiðum ríkisins um háværkun ábata af eignarhaldi og sölu á hlutum í Íslandsbanka að hann greiði út arð fyrir útboðið umfram 3-4 ma.kr. og ef það teljist ekki ráðlegt að færð séu viðunandi rök fyrir því álitu.

Þá mun ráðuneytið, í samstarfi við Bankasýslu ríkisins, leggja fram tillögu að áætlun um reglubundna upplýsingamiðlun til þingnefndanna um framvindu og undirbúning útboðsins, ekki síst varðandi markaðsaðstæður. Lögð er áhersla á að slík upplýsingagjöf þurfi hverju sinni að taka mið af undirliggjandi hagsmunum ríkisins og því regluumhverfi sem gildir um skráningu hlutabréfa á skipulegan verðbréfamarkað, sölu hlutabréfa almennt og um upplýsingar félags með skráð skuldabréf á markaði.

Bjarni Benediktsson

Guðmundur Árnason